

# Lög

um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum  
(heimildir Matvælastofnunar, kærufrestur, EES-reglur).

---

1. gr.

Á eftir 27. gr. c laganna kemur ný grein sem verður 27. gr. d, svohljóðandi:

Matvælastofnun er heimill rafrænn aðgangur að farmskrárupplýsingum úr upplýsingakerfum tollyfirvalda vegna eftirlits með þeim vörum sem 27. gr. a og 27. gr. b ná til. Matvælastofnun og starfsmenn hennar skulu meðhöndla upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt þessari grein, sem trúnaðarupplýsingar og í samræmi við lög um persónuvernd. Stofnunin og starfsmennirnir bera jafnframt sömu þagnarskyldu og starfsmenn tollstjóra samkvæmt ákvæðum tollalaga.

2. gr.

Við 30. gr. d laganna bætist einn nýr málslíður, svohljóðandi: Kæra vegna stjórnsluákvörðunar í tengslum við eftirlit með innflutningi dýraafurða og lifandi ferskvatns- og sjávareldisdýra sem koma til landsins frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 27. gr. b, skal þó borin fram innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 18. júní 2012.*

